

í þessu tilfelli bæjarþingi Reykjavíkur, til innheimtu málflutningsþóknunar, má reka það þar, án þess að sérdómstólsfyrirkomulagið í 8. gr. laga 61/1942 í sjálfu sér varði frávisun frá bæjarþinginu.

Af þessu leiðir, að sóknaraðili getur ekki rekið mál sitt fyrir stjórn LMFÍ vegna ákvæða 104. gr., 3. mgr., einkamálalaga nr. 85/1936, og ber því að vísa því frá.

Máli þessu er vísað frá stjórn LMFÍ ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurð þennan kváðu upp aðalstjórnarmenn LMFÍ, Þorsteinn Júlíusson hæstaréttarlögmaður, Helgi V. Jónsson hæstaréttarlögmaður, Stefán Pálsson héraðsdómslögmaður, Skarphéðinn Þórisson héraðsdómslögmaður og varamaðurinn Ólafur Axelsson héraðsdómslögmaður.

Úrskurðarorð:

Málinu er vísað frá stjórn LMFÍ ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 19. desember 1979.

Nr. 4/1978. **Kristín Halldórsdóttir og**

Hilmir h/f

(Magnús Óskarsson hrl.)

gegn

Þresti Magnússyni

(Ingi Ingimundarson hrl.).

Höfundaréttur. Málshöfðunarfrestur. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu með stefnu 5. janúar 1978.

Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og samskiptum stefnda Þratar og Ríkisútgáfu námsbóka var háttað, verður að líta svo á, að stefndi sé réttur aðili að kröfum þeim, sem hann hefur uppi í máli þessu á hendur áfrýjendum.

I.

Stefndi, Þröstur Magnússon, sem var stefnandi í héraði, setti þar fram kröfu um refsingu samkvæmt 54. gr. og 59. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Í lögum þessum er ekkert ákvæði um frest til að höfða mál til refsingar á grundvelli þessara greina, og ber því um það atriði að beita 29. gr. almennra hegningarlaga. Þegar mál þetta var höfðað, voru liðnir meira en 6 mánuðir, frá því að stefndi Þröstur fékk vitneskju um, að teikningar eftir hann hefðu birst í Vikunni, og um, að áfrýjandinn Kristín Halldórsdóttir væri ábyrgðarmaður blaðsins og áfrýjandi Hilmir h/f útgefandi, sbr. bréf hans til blaðsins 3. júlí 1975. Af þessum sökum ber að sýkna áfrýjendur af refsikröfum stefnda Þratar.

II.

Með samningi 28. ágúst og 15. september 1967 tók stefndi Þröstur að sér að teikna fyrir Ríkisútgáfu námsbóka myndir í Íslandssögu eftir Þórleif Bjarnason. Birtust myndirnar í ritinu. Tvær mynda þessara voru birtar heimildarlaust í Vikunni hinn 3. júlí 1975, eins og greinir í héraðsdómi. Verður að líta svo á, að stefndi eigi kröfu til skaðabóta vegna þessa eftir 1. mgr. 56. gr. laga nr. 73/1972, og þykja þær hæfilega ákveðnar 25.000 krónur. Bera áfrýjendur ábyrgð á greiðslu þeirra in solidum.

III.

Í Vikunni voru myndir stefnda birtar leyfislaust með gamanmálum, sem voru annars eðlis en það rit, sem þær voru upphaflega birtar í. Þykir rétt að dæma stefnda miskabætur

eftir 2. mgr. 56. gr. laga nr. 73/1972, sbr. 2. mgr. 4. gr. sömu laga, enda þykir ljóst af gögnum máls, að háttsemi áfrýjenda sé refsiverð. Miskabæturnar þykja hæfilega ákveðnar í héraðsdómi, 50.000 krónur.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um vexti, enda er ekki ágreiningur um þá milli aðilja.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en við ákvörðun hans ber að taka tillit til þess, að áfrýjendur eru sýknaðir af refsikröfum stefnda. Þykir málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn 100.000 krónur fyrir báðum dómum.

D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, Kristín Halldórsdóttir og Hilmir h/f, skulu vera sýknir af refsikröfu stefnda, Þrastar Magnússonar, í máli þessu.

Áfrýjendur greiði stefnda in solidum 75.000 krónur með 12% ársvöxtum frá 3. júlí 1975 til greiðsludags og 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. nóvember 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 9. september sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birari 6. janúar 1976, af Þresti Magnússyni, Hallveigarstíg 6 A hér í borg, gegn Hilmi h/f, Reykjavík, sem útgefanda „Vikunnar“ og Kristínu Halldórsdóttur, ritstjóra „Vikunnar“, til heimilis að Fornuströnd 2, Seltjarnarnesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd í refsingu skv. 54. gr. höfundalaga nr. 73/1972, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða honum bætur skv. 1. mgr. 56. gr. laga nr. 73/1972, að fjárhæð kr. 35.750, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða honum miskabætur skv. 2. mgr. 56. gr. sömu laga að fjárhæð kr. 50.000, allt ásamt 12% ársvöxtum frá 3. júlí

1975 til greiðsludags, og málskostnað skv. taxta Lögmannafélags Íslands eða að mati dómara.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu skv. taxta LMFÍ.

Sáttatilaunir dómara báru ekki árangur.

Málavextir eru þeir, að í 27. tbl. „Vikunnar“, sem út kom 3. júlí 1975, birtust tvær teikningar, sem stefnandi hafði á sínum tíma gert fyrir Ríkisútgáfu námsbóka í ritið *Íslandssaga* eftir Þórleif Bjarnason, I. hefti, sem út kom árið 1968. Teikningarnar tvær voru birtar án leyfis stefnanda. Þær voru notaðar sem myndskreyting í þætti í tímaritinu, sem kallaður var „Svolítið um sjónvarp á sumri“, og átti augljóslega að vera gríndagskrá sjónvarpsins dagana 4.—9. júlí, en þá er sumarfrí í sjónvarpinu. Dagskráin er þannig í heild:

„Föstudagur 4. júlí

- 20.00 Fréttir og óveður.
- 20.35 Hegðun dýranna, 14. þáttur. Sjónvarpsmenn fylgjast með lóðaúthlutun lóðanefndar.
- 21.10 Gáfnaljós. Villi rifjar upp stúdentsprófseinkunnir nokkurra stjórnmalamanna.
- 22.00 Töframennirnir, 18. þáttur, sem fjallar um, hvernig gjaldþrota útgerðarmenn fara að því að kaupa dýrar villur í bestu hverfum borgarinnar.
- 22.50 Góða nótt og stillimynd.

Laugardagur 5. júlí

- 16.30 Enski fótboltinn. Æsispennandi mynd um tuttugu og tvo menn, sem hlaupa á eftir einum bolta, og einn mann, sem leikur á flautu.
- 17.30 Íþróttir. Nokkrir iðnaðarmenn segja frá skattframtölum sínum.
- 20.00 Kurteislegar fréttir (af því það er laugardagur).
- 20.25 Dagskrá og djónsonsbeibi.
- 20.35 Úllin-dúllin-doff. Hermann og Jón fæla áhorfendur frá skjánum.
- 21.10 Heimsókn í fjölleikahús. Nokkrar svipmyndir frá alþingi íslendinga. Meðal leikenda eru formenn stjórnmalaflokka.
- 22.00 Einharður óviti. Listræn kvikmynd tekin í litum og sérstaklega gerð fyrir kvöldið af kunnáttumönnum stofnunarinnar. Myndin er að nokkru byggð á sannsögulegum at-

burðum, sem skáldið Vernharður Var Hann skrifaði hina kunnu skáldsögu sína um.

Laust eftir miðnætti: Sísibros þulunnar og stillimynd.

Sunnudagur 6. júlí

- 18.00 Stundin okkar. Frá útvarpsráðsfundi.
- 20.00 Göngur og réttir.
- 20.30 Boðflennur í sjónvarpssal. Einn hinna æsispennandi og traustvekjandi viðtalsþátta við kellingar landsins.
- 10.00 Sjötta öngvitið. Frystir Frostason fær nokkra kunna slagsmálahunda til að kenna þjóðinni að slá rot- og klámhogg.
- 22.00 Fjármark. Mynd, sem gerð hefur verið sérstaklega fyrir sjónvarpið og fjallar um vísindalegt sambengi fjármarks og sauðkindar. Ef tími gefst til jarmar borgarkvartettinn að sýningu myndarinnar lokinni.
- 22.55 Oft var þörf.
- Dagskrárlok óákveðin.

Mánudagur 7. júlí.

- 20.00 Fréttamenn sjarmera landslýð um stund. Milli brosanna er skotið inn útlendum myndum af hörmungum úti í heimi.
- 20.30 Spennandi einvígi.
- 20.40 Ónýta eimskipafélagið, 81. þáttur.
- 21.30 Sumarsöngur. Samhljóðakórinn syngur líkamleg lög undir stjórn Brands Inga.
- 22.20 Stillimynd og a.

Þriðjudagur 8. júlí.

- 20.00 Ekkert að fréttu. Kveikið aftur eftir hálf tíma.
- 20.30 Dagskráin og últrasbræt.
- 20.40 Má þjóða ykkur slummur? Hálfbræður skemmta sér.
- 21.45 Býflugan og blómin. Umræðuþáttur um kynferðisfræðslu. Kunnáttufólk sviptir hulunni af leyndardómnum.
- 22.30 Hrútshorn. Fréttamenn taka saman þáttinn.
- Dagskrárlok fara eftir togþoli lopans.

Miðvikudagur 9. júlí.

- 18.00 Barnaefni. Fræðsluþáttur um æxlun.
- 20.00 Samtíningur og sitthvað fleira. Fréttamenn fletta rissblöðum sínum.

- 20.30 Vikan auglýst, ef ástæða þykir til.
- 20.35 Umhverfis sannleikann í örfáum orðum. Áttugasti þáttur af ótöldum á árinu. Stjórnámálamenn leiða saman hesta sína, sem allir eru ójárnaðir.
- 21.00 Nýjasta tækni og vísindi. Ríkisstjórnin skýrir, hvernig hægt er að komast hjá því að stjórna tvö hundruð þúsund manna þjóð af nokkurri sýnilegri skynsemi.
- 22.00 Útópía. Kyrralífsmýnd.
- 22.30 Tæplega tveggja sólarhringa hvíld hefst.“

Inn í lesmál þetta voru felldar teikningar stefnanda og ekki aðrar myndir. Önnur myndin sýnir hermann ógna óttasleginni konu með brugðnum brandi, og heldur annar konunni, en í bak-sýn sér á fleiri illvirkja svo og fjórmastrað seglskip. Texti undir myndinni er „Úr laugardagsmyndinni: Einharði óvita“. Hin myndin sýnir tvo knerri á siglingu að landi, og er texti undir henni: „Úr 81. þætti Ónýt eimskipafélagsins“. Fyrri myndin er myndskreyting við frásögn af Tyrkjaráninu 1627, en hin síðari er myndskreyting úr kafla um landnámsöld og ber heitið „Land-sýn“. Þegar stefnandi varð áskynja um þetta, sendi hann þegar í stað bréf til tímaritsins „Vikunnar“ og lýsti því yfir, að þar sem myndirnar væru birtar án leyfis og vitundar höfundar, bæri þeim að greiða fyrir þær samkvæmt gjaldskrá Félags íslenskra teiknara. Sendi stefnandi tímaritinu reikning yfir birtingarrétt þessara tveggja myndskreytinga að fjárhæð kr. 35.750 og óskaði greiðslu. Stefnda Kristín, ritstjóri tímaritsins, svaraði stefnanda með bréfi, dags. 22. júlí 1975, og lýsti því yfir, að hún gæti ekki fallist á upphæð þá, sem stefnandi krefjist. „Vikan“ sé ekki aðili að neinum samningum við FÍT og hafi ekki samþykkt einhliða gjaldskrá þess félags. Teikningarnar séu teknar úr bók, útgefinni af Ríkisútgáfu námsbóka, sem hvergi sé merkt neinum rétti, og hafi hún því ekkert talið mæla á móti eftirprentun. Þar sem annars staðar í bókinni sé tekið fram, hver sé höfundur teikninganna og hefði því átt að leita hans leyfis um birtinguna, skuli hún þó greiða kr. 3.575 fyrir þessa endurbirtingu myndanna beggja. Stefndi svaraði bréfi þessu 27. október 1977 og hafnar greiðsluboði stefndu, enda sé „sú fjárhæð miðuð við lágmarksgjaldskrá F.Í.T., eins og hún var 1970“. Muni hann gera ytrustu kröfur fyrir dómstólum skv. höfundalögum nr. 73/1972, verði ekki samið um kröfu þessa. Stefnda ítrekaði fyrra tilboð, og var þetta mál þá höfðað.

Stefnandi styður kröfu sína þeim rökum, að stefndu hafi með heimildarlausri birtingu teikninga stefnanda á þann hátt sem gert var brotið rétt stefnanda skv. höfundalögum, 1. gr., 3. gr. og 4. gr., 2. mgr. Stefnandi hafi teiknað þessar myndir og sé höfundur þeirra og eigi því eignarrétt að þeim skv. 1. gr. laganna og hann hafi sem höfundur einkarétt til að birta verkin skv. 3. gr. laganna. Auk þess að brjóta þessar reglur hafi stefndu brotið reglu 2. mgr. 4. gr. laganna með því að draga þær inn í skop sitt, en þannig hafi þau skert höfundaheiður hans. Samhengið hafi verið sérlega ótilhlýðilegt og niðurlægjandi.

Kröfurnar séu byggðar á VII. kafla laganna, sem fjalli um refsíðkvæði, bætur, ákærureglur o. fl. Saknæmi sé forsenda refsingar og sé ljóst af málavöxtum og skýrslum aðilja, að brot þessi hafi verið gerð af ásetningi. Þau falli beint undir 1. og 2. tl. 2. mgr. 54. gr. laganna og lokaákvæði 54. gr. taki til meðstefnda Hilmis h/f sem útgefanda tímaritsins. Fébótaskröfurnar séu í tveimur liðum, alls kr. 85.750. Annars vegar séu bætur skv. 1. mgr. 56. gr. laganna. Þar segi, að þegar saknæmt brot hafi haft fétjón í för með sér, beri að bæta það eftir almennum reglum fébótaréttar. Krafa stefnanda skv. þessum lið sé kr. 35.750, eða kr. 17.875 fyrir hvora mynd skv. núgildandi lágmarksverði, og miðist við það, hvað stefndu hefðu orðið að greiða, ef þau hefðu þurft að kaupa verkið hjá teiknara. Þau mundu því hagnast, ef þeim héldist uppi að þurfa ekki að greiða. Hins vegar sé krafa um miskabætur kr. 50.000. Byggist hún á 2. mgr. 56. gr. laganna og sé henni í hóf stillt.

Stefndu styðja sýknukröfu sína í fyrsta lagi þeim rökum, að um aðildarskort sé að ræða. Þegar stefnandi hafi gert samning sinn við Ríkisútgáfu námsbóka um teiknun myndanna í *Íslands sögu* Þórleifs Bjarnasonar árið 1967, hafi hann samkvæmt samningnum selt útgáfunni allan höfundarétt sinn að þessum teikningum. Stefnandi hafi í máli þessu leitast við að sýna fram á, að þrátt fyrir afdráttarlaust orðalag samningsins um þetta eigi hann þó höfundaréttinn sjálfur, annað hvort af því, að hann hafi aldrei selt hann, eða af því, að útgáfan hafi framselt honum höfundaréttinn aftur vegna þessarar málshöfðunar. Í ítarlegum skýrslugjöfum og yfirheyrslum um þetta atriði hér í dóminum hafi komið fram hjá forráðamönnum Ríkisútgáfunnar, að þeir leggi þann skilning í orðin „allan höfundarétt“, sem þeim hafi verið seldur með samningnum við stefnanda 1967, að þeir telji ekkert hafi verið undanskilið. Þeir telji sig eigendur teikning-

anna og eigendur höfundaréttarins að þeim. Hugtakið „höfundaréttur“ sé einmitt að hafa einkarétt til að birta verkið, eins og 3. gr. höfundalaga nr. 73/1972 mæli fyrir um. Þessum rétti geri lögin ráð fyrir, að höfundur geti afsalað sér, og það hafi eldri lögin einnig gert, en þau hafi verið í gildi, þegar samningurinn var gerður. Þegar þetta sé virt, sé ljóst, að stefnandi beri sönnunarbyrði um hið gagnstæða, að hann hafi ekki selt útgáfunni allan höfundaréttinn. Það hafi stefnanda ekki tekist að sanna. Stefnandi hafi hins vegar leitast við að sýna fram á, að útgáfan hafi framselt honum höfundaréttinn að nýju, til þess að hann geti átt aðild að málinu. Í þessu skyni bendi stefnandi á bréf útgáfunnar á dskj. nr. 7, sem ritað er 23. desember 1975 sem svar við fyrirspurn lögmanns stefnanda í bréfi 10. desember. Þegar bréf þessi séu skoðuð, komi í ljós, að lögmaðurinn hafi í sínu bréfi spurt um skilning útgáfunnar á því, hvað útgáfan telji sig hafa eignast með samningnum við stefnanda, og lögmaðurinn taki fram, að telji útgáfan sig hafa keypt og eignast að fullu og öllu höfundarétt að teikningunum, þá mætti líta svo á, að aðildin að málinu væri hjá útgáfunni, en ekki hjá stefnanda. Þessari skýru og afdráttarlausu fyrirspurn lögmanns stefnanda hafi útgáfan ekki svarað í bréfi sínu. Útgáfan segi einungis: „Í sambandi við málaferli milli Þrastar Magnússonar og „Vikunnar“ samþykkir Ríkisútgáfan fyrir sitt leyti, að í því tilviki eigi Þróstur einn kröfu til endurgjalds vegna þeirra teikninga, er þar um ræðir, eins og atvikum er háttað, og að Þróstur eigi einn aðild að nefndri málshöfðun.“ Þessi yfirlýsing geti ekki skoðast framsal á höfundaréttinum til stefnanda og hún veiti ekki stefnanda þá aðild að málinu, sem hann telur. Með yfirlýsingu þessari hafi útgáfan aðeins afsalað hugsanlegri kröfu til endurgjalds vegna birtingar myndanna og stefnandi hafi því eingöngu aðild að slíkri kröfu, hafi hann einhverja aðild yfirleitt.

Af þessum ástæðum hafi stefnandi enga aðild að refsikröfunni í málinu, þar sem hann hafi ekki verið rétthafi. Samkvæmt 4. gr. höfundalaga verði rétti höfundar skv. þeirri grein ekki afsalað. Þar greini frá því, að skylt sé að geta nafns höfundar, þegar verkið er birt, og einnig að óheimilt sé að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundaheiður hans eða höfundasérkenni. Ekkert liggi fyrir um það, að höfundaheiður stefnanda hafi beðið hinn minnsta hnekki við birtingu myndanna, og sé því enginn grundvöllur fyrir þessari kröfu stefnanda.

Um fébótakröfur stefnanda segja stefndu, að sá einn eigi rétt til fébóta, sem skaða hafi beðið. Forsvarsmaður útgáfunnar hafi sagt hér fyrir dómi, að birting teikninganna hafi ekki valdið útgáfunni fjárhagstjóni, og því hafi enginn beðið fjártjón. Komist dómurinn þó að þeirri niðurstöðu, að stefnandi eigi rétt til bóta, geti þær ekki byggst á 1. eða 2. mgr. 56. gr. höfundalaganna, þar sem saknæmi sé skilyrði bóta. Eina lagagreinin, sem til greina komi, sé því 3. mgr. 56. gr. Fjárhæð bóta, ef dæmdar yrðu, geti aldrei orðið meiri en hugsanlegt gjald fyrir birtingu þeirra, en stefndi hafi alltaf verið reiðubúinn til þess að greiða slíkt birtingargjald og boðið það fram strax 22. júlí 1975, kr. 3.575 fyrir birtingu beggja myndanna. Að athuguðu máli bendi stefndi nú á, að tvær aðferðir séu til að reikna ákveðið birtingargjald fyrir þessar myndir: 1) Fyrir liggi í málinu, að útgáfan hafi á sínum tíma greitt kr. 91.700 fyrir allar teikningarnar í bókinni og geri það kr. 764 fyrir hverja mynd. Samkvæmt upplýsingum borgarhagfræðings, sem lagðar hafa verið fram í málinu, hefði sambærilegt verð 1. júlí 1975 miðað við breytingar á vísitölu vöru og þjónustu verið kr. 3.969. Samkvæmt gjaldskrá Teiknarafélags Íslands, sem stefnandi byggir á í málinu, greiðist 50% af verðinu við endurprentun. Geri það kr. 1.985 fyrir hvora mynd, eða í hæsta lagi samtals kr. 4.000 fyrir báðar myndirnar. 2) Hin aðferðin sé að athuga rök þau, sem stefnandi beri fram, þ. e. hvað kostað hefði að kaupa tvær teikningar hjá teiknara til birtingar með dagskrá þessari í „Vikunni“. Stefndi hafi lagt fram í málinu sjö eintök af „Vikunni“, þar sem finna megi teikningar teiknaðar sérstaklega fyrir tímaritið sem myndskreytingar við sögur. Reikningar fyrir teikningarnar fylgi og komi þar fram, að verðið sé á milli kr. 2.000 og kr. 3.000 fyrir slíkar myndskreytingar. Þannig sé ljóst, að stefnandi verðleggi myndir sínar miklu herra en venja hafi verið að greiða. Þegar þetta sé virt, sé í ljós leitt, að stefndu hafi boðið fulla þóknun fyrir birtingu teikninganna. Stefndi hafi ekki viljað setta sig við það, sem boðið var, en málssókn stefnanda sé tilefnislaus, þar sem hann hafi ekki átt rétt á meiru.

Niðurstaða.

Með samningi við Ríkisútgáfu námsbóka, dags. 28. ágúst og 15. september 1967, seldi stefnandi útgáfunni allan höfundarétt sinn að teikningum þeim, sem samningurinn fjallar um, og eru hinar umdeildu teikningar þar á meðal. Samkvæmt höfunda-

lögum nr. 73/1972 getur höfundur afsalað einkarétti sínum til að gera eintök af verkum sínum og til að birta þau í upphaflegri mynd eða breyttri, sbr. 3. gr. En höfundur getur ekki afsalað rétti sínum til þess, að nafns hans sé getið, þegar það er birt, né rétti sínum til þess, að verkum hans sé ekki breytt eða birt með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundarheiður hans eða höfundasérkenni nema í einstökum skýrt tilgreindum tilvikum, sbr. 4. gr. laganna. Samkvæmt 63. gr. laganna ná þau yfir teikningar þær, sem mál þetta fjallar um.

Samkvæmt þessu á stefnandi einn aðild að kröfu um refsingu vegna brota á 4. gr. höfundalaga. Hann hefur krafist refsingar yfir stefndu vegna brots á 2. mgr. 4. gr., og verður krafa stefndu um sýknu vegna aðildarskorts stefnanda því ekki tekin til greina að þessu leyti. Af sömu ástæðum verður að telja, að stefnandi eigi kröfu til miskabóta skv. 2. mgr. 56. gr., hvernig sem afsali hans á höfundarétti hefur annars verið háttað.

Aðild að kröfu um refsingu á broti á 3. gr. höfundalaga fer hins vegar eftir því, hver hefur höfundaréttinn skv. þeirri grein, en hann er framseljanlegur. Sama gildir um kröfur um endurgjald og bætur fyrir birtingu slíka sem 3. gr. fjallar um. Verður því að athuga, hvort stefnandi framseldi Ríkisútgáfu námsbóka þennan rétt, og ef svo væri, hvort Ríkisútgáfan hafi framselt honum réttinn aftur. Forráðamenn Ríkisútgáfunnar hafa lýst því hér fyrir dómi, að skilningur þeirra á samningnum við stefnanda, sem væri hliðstæður öðrum samningum við teiknara, væri sá, að útgáfan eignaðist allan höfundarétt skv. 3. gr. höfundalaga, þannig að útgáfan ein gæti leyft birtingu teikninganna. Hins vegar hafi sú venja skapast, að teiknarar semji sjálfir við þá, sem vilja birta slíkar myndir með leyfi útgáfunnar, um þóknun fyrir birtinguna, og þess vegna telji þeir ekki óeðlilegt, að stefnandi hafi sjálfur sent reikning beint til stefndu fyrir birtingargjald.

Ríkisútgáfa námsbóka verður samkvæmt framansögðu talin hafa með samningi við stefnanda eignast einkarétt til að láta gera eintök af verkunum og birta þau, eins og 3. gr. höfundalaga mælir fyrir um. Forráðamenn útgáfunnar hafa lýst því hér fyrir dómi, að þeir telji ekki, að útgáfan hafi orðið fyrir tjóni vegna birtingar teikninganna í „Vikunni“. Útgáfan hefur með bréfi, dags. 23. desember 1975, samþykkt, að stefnandi hafi einn kröfu til endurgjalds vegna teikninganna og að hann eigi einn aðild að nefndri málshöfðun. Þegar á það er litið, að krafa um refs-

ingu er ekki nefnd í bréfi útgáfunnar, verður ekki talið, að útgáfan hafi framselt stefnanda slíka kröfu.

Samkvæmt þessu verður talið, að stefnandi eigi aðild að kröfum vegna brota á 2. mgr. 4. gr. höfundalaga, en ekki 3. gr., nema að því er varðar kröfu til þóknunar fyrir birtingu.

Um refsikröfu.

Stefnandi heldur því fram, að höfundaheiður hans hafi verið skertur með því, að teikningar hans voru birtar á þann hátt sem um ræðir. Stefndu hafa andmælt þessu og bent á, að stefnanda sé ekki getið með myndunum. Eins og að framan er lýst, voru teikningar stefnanda teknar úr samhengi sínu í bók um Íslandssögu og settar í gerólikt samhengi og látnar líta út sem hlægilegar með vísan til alkunnra sjónvarpsþátta, „Onedin skipafélagsins“ og umdeildrar kvikmyndar, „Lénharðs fógeta“. Teikningar stefnanda eru auðþekkjanlegar vegna sérstakra stíleinkenna, eins og títt er um verk listamanna, og þær eru í alla staði vandaðar og vel gerðar. Verður því á það fallist með stefnanda, að birting teikninganna á umræddan hátt í „Vikunni“ hafi verið brot á 2. mgr. 4. gr. höfundalaga. Verður að telja, að brot þetta hafi verið framið af stórfelldu gáleysi um mat listamanns á gildi verka sinna og virðingu hans fyrir þeim. Skilyrðum 1. mgr. 54. gr. höfundalaga er því fullnægt, og ákveðst sekt á hendur stefndu hvoru um sig kr. 10.000, sem greiðist í ríkissjóð.

Eins og að ofan greinir, verður talið, að stefnandi eigi aðild að kröfu um endurgjald fyrir birtingu myndanna. Þar sem um gjaldið var ekki samið fyrirfram, verður stefndu með hliðsjón af meginreglu 5. gr. kaupalaga nr. 39/1922 gert að greiða stefnanda gjald það, sem upp er sett, enda verður það ekki með hliðsjón af 57. gr. höfundalaga og upplýsingum um gjaldskrá Félags íslenskra teiknara talið ósanngjarnt. Skilyrði 2. mgr. 56. gr. höfundalaga um miskabætur til stefnanda eru fyrir hendi, og verður fallist á með stefnanda, að kröfu um kr. 50.000 sé í hóf stillt.

Niðurstaða verður því sú, að sýkna ber stefndu af refsikröfum stefnanda vegna brota á 3. gr. höfundalaga. Þeim verður þó gert að greiða stefnanda þóknun fyrir birtingu myndanna, kr. 35.750 með 12% ársvöxtum frá 3. júlí 1975 til greiðsludags. Stefndu verða talin hafa gerst brotleg við 2. mgr. 4. gr. höfundalaga, og verður hvoru um sig gert að greiða sekt til ríkissjóðs, kr. 10.000. Þeim verður vegna brots þessa gert að greiða stefn-

anda in solidum miskabætur, kr. 50.000 ásamt vöxtum, eins og krafist er.

Eftir þessum málalokum er rétt, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 70.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóminn. Uppsaga hefur dregist vegna mikilla embættisanna.

Dómsorð:

Stefndu, Hilmir h/f og Kristín Halldórsdóttir, skulu sýkn af kröfum stefnanda, Þrastar Magnússonar, um refsingu vegna brots á 3. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

Stefndu greiði hvort um sig kr. 10.000 sekt í ríkissjóð vegna brots á 2. mgr. 4. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

Stefndu greiði stefnanda in solidum kr. 85.750 með 12% ársvöxtum frá 3. júlí 1975 til greiðsludags og kr. 70.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. desember 1979.

Nr. 76/1977. **Ómar Egilsson**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Katrínu Indiönu Valentínusdóttur

(Páll S. Pálsson hrl.).

Hjón. Lögskilnaðarleyfi. Búskipti við skilnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. maí 1977. Krefst hann þess aðallega, að viðurkennt verði með dómi, að leyfi til skilnaðar að borði og sæng, sem bæjarfógetinn í Hafnarfirði gaf út til málsaðilja 17. maí 1974, sé niður fall-